

# Endanlegir skilmálar

HAGA 161127

gefnir út af Högum hf. (LEI númer 635400TICHH43JITNP54)  
í samræmi við 10.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldabréfa og víxla  
dagsettan 23. nóvember 2022

1. útgáfa flokks

Útgáfudagur verðbréfanna: 18. október 2024

Gengi við sölu verðbréfanna: 100,45685

(„verðbréfin“, „skuldaskjölin“ eða „skuldabréfin“)

Þessir endanlegu skilmálar hafa verið gerðir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB. og verður að lesa þá í samhengi við grunnlýsingu útgefanda dagsetta 23. janúar 2024 og þá viðauka sem gerðir geta verið við grunnlýsinguna ásamt þeim skjölum sem felld eru inn í grunnlýsinguna eða viðaukana með tilvísun (einnig „grunnlýsingin“). Grunnlýsingin er birt í tengslum við 10.000.000.000 kr. útgáfuramma Haga hf.

Grunnlýsinguna og alla mögulega viðauka hennar er að finna á vefsíðu útgefanda, <https://www.hagar.is/fjarfestar/skuldabrefautgafa/>. Eingöngu er hægt að fá allar nauðsynlegar upplýsingar um útgefanda og verðbréf útgefin af honum með því að lesa saman grunnlýsinguna, mögulega viðauka við grunnlýsinguna og þessa endanlegu skilmála. Þegar vísað er til „greinar“ í endanlegum skilmálum þessum er átt við viðkomandi grein í kafla 3 í grunnlýsingu útgefanda dags 23. janúar 2024.

## Hluti I: Skilmálar

### 1. Útgefandi

Hagar hf. Grein 1 gildir um skuldaskjölin.

### 2. Nafnverðseiningar, heildarheimild og gjaldmiðill

Grein 2 gildir um skuldaskjölin.

Útgáfugjaldmiðill skuldaskjalanna: ISK.

Nafnverð útgáfu: 1.560.000.000 kr.

Nafnverðseiningar: Skuldaskjölin eru gefin út í einingum sem hver er 20.000.000 kr. að nafnverði.

Áður útgefin verðbréf í flokki: Ekki hafa áður verið gefin út verðbréf í sama flokki.

Heildarheimild flokks: Opin heimild. Útgefanda er því heimilt að stækka flokkinn upp að fyrrgreindu marki án þess að leita samþykkis frá eigendum verðbréfanna, en útgáfa nýrra verðbréfa er ávallt háð heimild frá stjórn útgefanda á hverjum tíma.

### 3. Útgáfuform

Grein 3 gildir um skuldaskjölin.

Verðbréfamistöð: Nasdaq verðbréfamistöð hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi sem hlotið hefur starfsleyfi skv. lögum nr. 7/2020 um verðbréfamistöðvar, uppgjör og eignarskráningu fjármálagerninga („verðbréfamistöð“).

### 4. Upplýsingar um eigendur skuldaskjalanna

Grein 4 gildir um skuldaskjölin.

### 5. Greiðsluform

Grein 5 gildir um skuldaskjölin.

### 6. Verðtrygging

Engin verðtrygging:

Skuldabréfin eru óverðtryggð.

### 7. Vextir

Grein 7.2 gildir um verðbréfin. Greiðsla vaxta skal vera á 6 mánaða fresti, fyrir undangengið vaxtatímabil, í fyrsta sinn þann 16. maí 2025 og á 6 mánaða fresti eftir það. Vextir greiðast í síðasta sinn á lokagjaldlega þann 16. nóvember 2027.

Form vaxta: Fastir vextir og gildir grein 7.2.(a) um skuldabréfin.

Fastir ársvextir eru 8,6%

Fyrsta vaxtatímabil hefst á útgáfudegi og lýkur 16. maí 2025. Vaxtatímabil frá og með öðru tímabili er 6 mánuðir. Grein 7.3 gildir um skuldabréfin.

Dagregla: Raun/360 Grein 7.4 gildir um skuldabréfin.

Grein 7.5 gildir um skuldaskjölin.

### 8. Endurgreiðsla höfuðstóls

Endurgreiðsla höfuðstóls: Höfuðstóll verður endurgreiddur í einu lagi þann 16. nóvember 2027. Grein 8.1 gildir um skuldabréfin.

Fjöldi og tíðni afborgana (um eina afborgun er að ræða): Ein afborgun.

Fyrsta greiðsla afborgana: 16. nóvember 2027

Lokagjaldlegi: 16. nóvember 2027

Uppgreiðsluheimild: Grein 8.5 gildir um skuldabréfin og er uppgreiðsluheimild því ekki fyrir hendi

### 9. Kröfur jafnréttháar (e. pari passu)

Grein 9 gildir um skuldabréfin.

## **10. Staða í kröfuröð**

Grein 10 gildir um skuldabréfin.

## **11. Löggjöf um útgáfuna**

Grein 11(a) gildir um skuldabréfin.

## **12. Yfirlýsingar**

Eftirfarandi stafliðir greinar 12 gilda um skuldabréfin: A, B, C, D, E.

## **13. Upplýsingakvaðir**

Eftirfarandi stafliðir greinar 13.1 gilda um skuldabréfin: A, B, C, D.

Eftirfarandi stafliðir greinar 13.2 gilda um skuldabréfin: A, B.

## **14. Almennar kvaðir**

Eftirfarandi stafliðir greinar 14 gilda um skuldabréfin: A, B, C, D, E

## **15. Fjárhagsleg skilyrði**

Grein 15 gildir um skuldabréfin ásamt eftirfarandi grein.

Eiginfjárhlutfall: Að lágmarki 25%.

## **16. Vanefndartilvik**

Eftirfarandi stafliðir greinar 16.2 gilda um skuldabréfin: A, B, C, D, E, F, G, H, I, J, K, L

Grein 16.3 gildir um skuldabréfin.

## **17. Umboðsmaður kröfuhafa og staðfestingaraðili**

Grein 17 gildir um skuldabréfin.

KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík hefur verið skipaður óháður umboðsmaður kröfuhafa með undirritun þjónustusamnings, dagsettur þann 19. janúar 2023.

KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík hefur verið skipaður staðfestingaraðili fjárhagslegra skilyrða með undirritun þjónustusamnings, dagsettur þann 19. janúar 2023.

## **18. Önnur ákvæði**

Heimild til kaupa eigin skuldabréfa/víxla: Grein 18.1 gildir um skuldabréfin.

Upplýsingaöflun: Grein 18.2 gildir um skuldabréfin.

Hlunnindi: Grein 18.3 gildir um skuldabréfin.

Framsal: Grein 18.4 gildir um skuldabréfin.

Skattaleg meðferð: Grein 18.5 gildir um skuldabréfin.

Ágreiningsmál: Grein 18.6 gildir um skuldabréfin.

## **19. Skilmálabreyting**

Grein 19 gildir um skuldabréfin.

## **20. Sérstakar yfirlýsingar**

Grein 20 gildir um skuldabréfin.

## **21. Eigin bréf**

Grein 21 gildir um skuldabréfin.

## Hluti II: Aðrar upplýsingar

<b>1.</b>	<b>Skráning og taka til viðskipta</b>	
	Skráning og taka til viðskipta:	Óskað verður eftir því að öll útgefin skuldaskjöl í flokknum IS0000036846 verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Ekki er hægt að ábyrgjast að umsóknin verði samþykkt Útgefandi mun óska eftir töku til viðskipta.
	Fyrsti mögulegi viðskiptadagur:	18. október 2024
	Upplýsingar um aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir á eftirmarkaði og búa til seljanleika með kaup- og sölutilboðum (viðskiptavakar) ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins:	Á ekki við
	Ráðgjafar í tengslum við útgáfu:	Fossar fjárfestingarbanki hf. hefur umsjón með frumsölu skuldabréfanna og töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.
<b>2.</b>	<b>Hugsanlegir hagsmunaárekstrar í tengslum við útgáfu/útboð</b>	
	Að undanskildum kostnaði greiddum til Fossa fjárfestingabanka hf. er útgefanda ekki kunnugt um neina hagsmuni sem skipta máli í tengslum við útgáfu og sölu skuldabréfaflokksins.	
<b>3.</b>	<b>Ástæður fyrir útboði, áætlaður heildarkostnaður og áætlað nettósöluandvirði útboðs eftir því sem við á</b>	
	Ástæða fyrir útboði/sölu:	Tilgangur útboðsins er að endurfjármagna núverandi skuldir félagsins og auka fjölbreytni fjármögnunar.
	Áætlaður heildarkostnaður útgefanda:	5 m.kr
	Áætlað nettósöluandvirði:	1.562 m.kr.
	Notkun ágóða:	Fjármögnun á starfsemi útgefanda
<b>4.</b>	<b>Ávöxtunarkrafa</b>	
	Ávöxtunarkrafa við frumsölu:	8,60%
<b>5.</b>	<b>Upplýsingar um undirliggjandi þætti eftir því sem við á</b>	
	Lýsing á undirliggjandi viðmiðunarvöxtum:	Á ekki við
	Lýsing á verðtryggingavísitölu:	Á ekki við.
<b>6.</b>	<b>Heimild til útgáfu</b>	
	Hagar hf. geta, með heimild frá stjórn útgefanda, gefið út skuldabréf og/eða víxla samtals að útistandandi fjárhæð allt að 10 ma. kr. á hverjum tíma, í samræmi við ákvæði þess útgáfuramma sem lýst er í grunnlýsingu þessari, að því gefnu að fyrir liggji gild eða uppfærð grunnlýsing. Skuldaskjölin sem þessir	

	endanlegu skilmálar taka til voru gefnir út skv. heimild stjórnar þann 23. nóvember 2022 og felld undir útgáfurammann við stofnun hans. Verðbréfin hafa öll verið seld og er gjalddagi á greiðslu fyrir þau þann 18. október 2024.	
<b>7.</b>	<b>Auðkenni</b>	
	ISIN númer:	IS0000036846
	Auðkenni:	HAGA 161127
<b>8.</b>	<b>Upplýsingar frá þriðja aðila</b>	
	Ef upplýsingum í endanlegum skilmálum þessum hefur verið aflað frá þriðja aðila staðfestir útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.	
<b>9.</b>	<b>Tilkynning um viðkomandi grunnlýsingu</b>	
	Land eða lönd þar sem tilkynnt hefur verið um viðkomandi grunnlýsingu	Ísland

F.h. Haga hf.

11. október 2024

---

Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs